

DETTIFOSSVEGUR, 2. OG 3. ÁFANGI, BREYTINGAR Á VEGLÍNU OG EFNISTÖKU

NORÐURÞING

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á veglínu og efnistöku vegna 2. og 3. áfanga Dettifossvegar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli framkvæmdin því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins um nauðsyn þess að grafnir verði könnunarskurðir í garðlögin við Hæringsstaði í þeim tilgangi að kanna gerð þeirra og aldur. Einnig telur Skipulagsstofnun að Vegagerðin þurfi að fara að tillögum Fornleifaverndar um mótvægisáðgerðir, sem fram komu í niðurstöðum Skipulagsstofnunar þann 27. júlí 2006. Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og leyfi þarf frá Umhverfisstofnun til vegagerðar og efnistöku í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum samkvæmt gr. 38 í lögum um náttúruvernd og reglugerð nr. 359/1993 um friðlýsingu þjóðgarðsins. Jafnframt telur Skipulagsstofnun mikilvægt að þjóðgarðsyfirvöld verði höfð með í ráðum varðandi það hvernig umfram mold verði ráðstafað.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. júlí 2008.

2. júní 2008

INNGANGUR

Pann 9. apríl 2008 tilkynnti Vegagerðin til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 2. júní 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. maí 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 7. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. maí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Álit Skipulagsstofnunar. Mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar milli Hringvegar og Norðausturvegar var gert árið 2006 og lauk með álitum Skipulagsstofnunar dags. 27. júlí 2006. Í álitinu var m.a. lagt til að Vegagerðin hefði samráð við Umhverfisstofnun um fyrirkomulag efnistöku og frágang. Einnig að Vegagerðin færi að tillögum Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir og að rannsókn með fornleifauppgreiftri verði gerð á tóftum við Hæringsstaði yrði veglína D1 valin. Í fyrirbyggjandi tilkynningu er fjallað um breytingar á 2. og 3. áfanga Dettifossvegar milli Dettifoss og Norðausturvegar.

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að breyta á veglínunni og efnistöku frá því sem mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar, frá 2006, gerði ráð fyrir. Breytingar verði allar innan þess rannsóknasvæðis sem mat á umhverfisáhrifum náði til. Í Sauðadal muni ný veglína (C1) fara um styttri kafla af grónu landi en liggja um jökulruðning á lengri kafla, en gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Norðan við tengingu að Vesturdal muni flutningur veglínunnar (D) gefa lausn sem verði öruggari og falli betur að landslagi en fyrri áætlun gerði ráð fyrir og liggja um sambærilegt gróðurlendi. Flutningur á tengingu Dettifossvegar við Norðausturveg um 200 m til vesturs (veglína D1) muni stytta Dettifossveg um 90 m og uppfylla kröfur um lágmarksvegalegd á milli vegtenginga. Loks muni færsla veglínunnar D1 um u.þ.b. 4,5 m til norðurs að öllum líkindum forða því að tóft við Hæringsstaði (NP-023b:018) grafist undir veginn. Áætlað er að efnisþörf vegna 2. og 3. áfanga Dettifossvegar verði svipuð og áætlað var í matsskýrslu. Hætt verði við að nota fjórar námur en þrjár nýjar verði notaðar í stað þeirra. Framkvæmdaraðili álitur að breytingar á framkvæmdinni verði minniháttar og muni draga úr áhrifum á gróðurfar, landslag, sjónræn áhrif og fornleifar frá því sem mat á umhverfisáhrifum leiddi í ljós.

Áhrif á náttúrufar. Gert er ráð fyrir að í Sauðadal, á milli stöðva 21.300 og 25.460, muni ný veglína (C1) fara um styttri kafla af grónu landi en liggja um jökulruðning á lengri kafla, en gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Norðan við tengingu að Vesturdal, milli stöðva 39.200-43.360, muni ný lega veglínunnar (D), sem liggja um sambærilegt gróðurlendi og fyrri áætlun gerði ráð fyrir, gefa lausn sem verði öruggari og falli betur að landslagi.

Greint er frá að náma við stöð 24.400 muni koma í stað náma C-1 og C-2 og að ný náma sé í ógrónum jökulruðningsmel. Áhrif efnistökkunnar á jarðmyndanir, fuglalíf og landslag verði minni en vegna efnistöku úr þeim námum sem fyrirhugað var að nýta.

Áhrif á gróðurfar verði meiri en áður var áætlað og efnistakan verði nokkuð áberandi, séð frá Dettifossvegi, en við frágang verði reynt að hafa sjónræn áhrif í lágmarki. Náma við stöð 29.000 komi í stað námu C-3, sem kynnt var í matsskýrslu, og með henni sé komið til móts við athugasemdir Umhverfisstofnunar, sem fór fram á að skoðaður yrði möguleiki á efnistöku fjær veginum en þá var áætlað. Efnistaka þar verði í mól, sandi og jökulruðningi. Áhrif vinnslu í nýrri námu á jarðmyndanir, fuglalíf, gróður og landslag verði minni en fram kom við mat á umhverfisáhrifum vegna námu C-3, sem ekki verður nýtt. Náma við stöð 40.500 komi í stað námu D-3, sem kynnt var í matsskýrslu, og verði í fornu jökulárseti og jökulruðningi. Áætlað er að áhrif námuvinnslunnar á fuglalíf og gróður verði meiri en vegna vinnslu í námu D-3, en minni áhrif verði á jarðmyndanir og landslag.

Í gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að þar sem skeringar verða gerðir í tengslum við vegagerðina muni falla til 250.000-260.000 m³ af mold en um 150.000 m³ verði notaðir í fláafleyga. Umfram mold verði allt að 110.000 m³ en hluti hennar fari í frágang. Þess verði gætt að sjónræn áhrif vegar og náma verði í lágmarki. Fláar við jaðar náma verði aðlagðir að umhverfi sínu og hafðir nokkuð flatir. Yfirborð fláa og námu verði að efnistöku lokinni þakið með jarðvegi, sem var þar fyrir framkvæmd. Þar sem aðliggjandi land sé gróið verði sáð í námusvæðið í samráði við þjóðgarðsvirvöld.

Áhrif á menningarminjar. Vegagerðin álitur að breytingar á framkvæmdinni verði minniháttar og muni draga úr áhrifum á fornleifar frá því sem mat á umhverfisáhrifum leiddi í ljós. Fram kemur að færsla veglínu um u.þ.b. 4,5 m til norðurs milli stöðva 49.400 og 50.000 (veglína D1) muni að öllum líkindum forða því að tóft við Hæringsstaði (NP-023b:018) grafist undir veginn.

Áhrif á umferðaröryggi. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að flutningur á tengingu Dettifossvegur við Norðausturveg um 200 m til vesturs, milli stöðva 50.100 og 50.780 (veglína D1), muni stytta Dettifossveg um 90 m og uppfylla kröfur um lágmarksvegalengd á milli veltenginga. Þetta muni gera vegamótin öruggari en fyrri áætlun gerði ráð fyrir.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Norðurþing, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á náttúrufar. Umhverfisstofnun bendir á að umræddar breytingar séu í samræmi við óskir stofnunarinnar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, sem gerð var árið 2006, og telur tilfærslur veglínu til bóta. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við breytingar á efnistöku en beinir tilmælum til Vegagerðarinnar um að náíð samráð verði haft við þjóðgarðsvörð varðandi efnistöku og frágang efnistökusvæða.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins segir að framkvæmdin muni almennt ekki hafa áhrif á fornleifar. Bendir stofnunin á að Vegagerðin telji að færsla veglínu til norðurs, milli stöðva 49.500 og 50.000, komi í veg fyrir að tóft (NP-023b:018) við bæjarstaði Hæringsstaða lendi undir veginum. Fornleifavernd ríkisins

tekur undir það sem fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila um að tóftin verði metin á staðnum af fornleifafræðingi og telur jafnframt nauðsynlegt að grafnir verði könnunarskurðir í garðlögin við Hæringsstaði í þeim tilgangi að kanna gerð þeirra og aldur.

Í umsögn sinni áréttar Fornleifavernd ríkisins kröfur um mótvægisáðgerðir, sem fram komi í bréfi stofnunarinnar vegna mats á umhverfisáhrifum Dettifossvegar, dags. 28. mars 2006.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á veglínu og efnistöku frá því sem mat á umhverfisáhrifum Dettifossvegar, frá 2006, gerði ráð fyrir. Breytingar verði allar innan þess rannsóknasvæðis sem mat á umhverfisáhrifum náði til. Í Sauðadal muni ný veglína fara um styttri kafla af grónu landi en liggja um jökulruðning á lengri kafla, en áður var gert ráð fyrir. Með flutningi veglínu norðan við tengingu að Vesturdal muni öruggi aukast, vegur falli betur að landslagi en fyrri áætlun gerði ráð fyrir og liggi um sambærilegt gróðurlendi. Flutningur á tengingu Dettifossvegar við Norðausturveg muni stytta Dettifossveg og uppfylla kröfur um lágmarksvegalengd á milli vegtenginga. Loks muni færsla veglínu til norðurs við Hæringsstaði að öllum líkindum forða því að tóft grafist undir veginn. Áætlað er að efnisþörf vegna 2. og 3. áfanga Dettifossvegar verði svipuð og áætlað var í matsskýrslu. Hætt verði við að nota fjórar námur en þrjár nýjar verði notaðar í stað þeirra.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á náttúrufar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar, landslag og sjónræn áhrif verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur ljóst að sjónræn áhrif verði nokkur og mikilvægt að frágangur í lok verks verði vandaður og í fullu samráði við þjóðgarðsyfirvöld. Jafnframt verði þjóðgarðsyfirvöld höfð með í ráðum varðandi það hvernig umfram mold verði ráðstafað.

Áhrif á menningarminjar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar verði óveruleg. Varðandi óvissu um tóft við bæjarstaði Hæringsstaða tekur Skipulagsstofnun undir athugasemdir Fornleifaverndar ríkisins um nauðsyn þess að grafnir verði könnunarskurðir í garðlögin við Hæringsstaði í þeim tilgangi að kanna gerð þeirra og aldur. Einnig telur Skipulagsstofnun að Vegagerðin þurfi að fara að tillögum Fornleifaverndar um mótvægisáðgerðir, sem fram komu í niðurstöðum Skipulagsstofnunar þann 27. júlí 2006.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á veglínu og efnistöku vegna Dettifossvegar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli framkvæmdin því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norðurþings skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og

leyfi þarf frá Umhverfisstofnun til vegagerðar og efnistöku í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum samkvæmt gr. 38 í lögum um náttúruvernd og reglugerð nr. 359/1993 um friðlýsingu þjóðgarðsins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. júlí 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson